

EFTIRLITSSKÝRSLA

Primex, Siglufirði Siglufjörður



Dags eftirlits	8.10.2014	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Primex, Siglufirði	Fulltrúi UST	Sigurður Ingason
Heimili	Óskargötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	681197-2819	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Guðný Helga Kristjánsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Rúnar Marteinson	Staðsetning	504514,193 628305,621

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein athugasemd var gerð við opið niðurfall í geymslurými.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfi og minnt á skiladag skv. því.

Rætt var um drög að tillögu að nýju starfsleyfi og athugasemdir rekstraraðila sem sendar höfðu verið inn til stofnunarinnar. Ákveðið var að rekstraraðili sendi nánari skýringar og tillögur til stofnunarinnar í næstu viku.

Farið var yfir mælingar frá 14. apríl 2014, skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. Niðurstöður mælinganna sýna mun lægri gildi á svifögnum og TOC heldur en í mælingunni árið 2012 og eru nú í samræmi við eldri mæingar. Ástæður hærri gilda árið 2012 voru ræddar í síðasta eftirliti.

Frárennslisrör liggur 26m út í sjó og niður á 8m dýpi, engin hreinsun er á frárennslinu. Ekki var að sjá neina litabreytingu á sjónum við útrás og engin fugl var á sveimi yfir frárennslinu. Greinilegt uppstreymi var að sjá á sjávarfletinum fyrir ofan enda útstreymislagnarinnar.

Engar breytingar hafa verið á efnanotkun í rekstrinum og engar kvartanir hafa borist rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Engin óhöpp hafa orðið hjá rekstraraðila frá síðasta eftirliti.

Engin förgun er á rækjuskel þar sem allt er nýtt til vinnunnar.

Nær engin lykt er af framleiðsluvörðunum en lykt getur komið af ómeðhöndluðu hráefni sem ekið er til verksmiðjuna, sé það orðið nokkurra daga gamalt. Engin ólykt var í kringum verksmiðjuna.

Gengið var um verksmiðjuna og umhverfi hennar. Frágangur á athafnarsvæðinu var að mestu snyrtilegur.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd var gerð við opið niðurfall í geymslurými við hlið lekavarnarþróar undir vítissódageymi. Bent er á að loka niðurfallinu og sendir rekstraraðili myndir því til staðfestingar að verki loknu.

ANNAÐ

Verksmiðjan hefur ekki verið keyrð á fullum afköstum vegna skorts á hráefni (rækjuskel).

Send hefur verið inn umsókn um nýtt starfsleyfi og er vinna við það langt komin.

Vinna við próteinverkefni þar sem miðað er við að ná próteini og kalki úr frárennslinu og vinna það til nýtingar, er enn í gangi. Verið er að skipuleggja nemendaverkefni til að ljúka síðasta hlutanum við verkefnið.

Reykjavík, 09.10.2014

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.